

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Með samþykki sparisjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparisjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Taka skal öruggar tryggingar fyrir öllum ábyrgðum sparisjóðs. Heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins, nema með samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meiru en 50% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins, þ. m. t. stofnfé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánahættu verður að skoða skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Skuldbindingar ríkissjóðs, ásamt skuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig skuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Skuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.
3. Skuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskirteini innan endurkaupsverðmætis.
4. Skuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati.

3. gr.

Niður falli síðasti málslíður 20. gr. laganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 29. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Tómas Arnason.